

## **SAMKOMULAG** **um** **gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldagreiðslum við** **ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu lífeyrisréttinda**

### 1. gr.

#### **Samkomulagssjóðir**

- 1.1. Með lífeyrissjóðum er í samkomulagi þessu átt við þá sjóði eða deildir sjóða, sem gerst hafa aðilar að því og hafa á árinu 2003 veitt jöfn réttindi fyrir iðgjöld, óháð aldri, en hafa síðar tekið upp aldurstengda réttindaávinnslu.

### 2. gr.

#### **Markmið**

- 2.1. Markmið samkomulags þessa er að tryggja, að réttur til jafnrar ávinnslu réttinda falli ekki niður né skerðist, þótt iðgjöld á viðmiðunarári, sbr. 3. gr., hafi verið greidd til fleiri en eins lífeyrissjóðs og sé óháður því, til hvaða lífeyrissjóða iðgjöld eru síðan greidd. Jafnframt að tryggja að við ákvörðun á því, hversu lengi greiða megi til lífeyrissjóðs í jafnri ávinnslu, verði greiðslur til aðildarsjóða samkomulagsins metnar jafngildar geiðslum til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs. Það er ennfremur forsenda samkomulagsins að um gagnkvæma réttindaviðurkenningu sé að tefla, þannig að aðildarsjóður veiti sjóðfélögum með rétt úr öðrum sjóðum sömu réttindi og sjóðfélagar hans njóta.
- 2.2. Sjóðfélagi skal aldrei öðlast meiri rétt til jafnrar ávinnslu samkvæmt samkomulagi þessu en hefði orðið með iðgjaldsgreiðslum til eins sjóðs.

### 3. gr.

#### **Réttur til jafnrar ávinnslu**

- 3.1. Hámarksíðgjald, svonefnt viðmiðunariðgjald, sem rétt veitir til jafnrar ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðum hvert almanaksár, skal vera jafnhátt þeim iðgjöldum, sem sjóðfélaginn greiddi til lífeyrissjóða árið 2003 eða síðasta árið, sem iðgjöld bárust sjóðunum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó aldrei miðast við iðgjaldagreiðslur umfram 10% af iðgjaldsstofni.
- 3.2. Árlegar iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða allt að viðmiðunariðgjaldi samkvæmt samkomulagi þessu veita rétt til jafnrar ávinnslu samkvæmt ákvæðum samþykktu hvers lífeyrissjóðs sem greitt er til hverju sinni sbr. þó 4. gr.

## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

- 3.3. Telji sjóðfélagi í lífeyrissjóði, sem tekur upp aldurstengda ávinnslu réttinda, að iðgjaldsgreiðslur hans á árinu 2003 til lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samkomulaginu, hafi ekki endurspeglad venjubundnar greiðslur hans á undanfarandi árum, getur hann óskað eftir því við stjórn þess sjóðs sem hann greiðir meirihluta iðgjalda sinna til, að miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgjaldagreiðslur það ár næst á undan, sem telst gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgjaldagreiðslum sjóðfélagsins til lífeyrissjóða. Fallist sjóðsstjórn á erindið og ákveði annað viðmiðunarár gildir sú ákvörðun þaðan í frá og jafnframt fyrir aðra sjóði, sem sjóðfélaginn greiðir til nú eða síðar sbr. þó 3.4.
- 3.4. Viðmiðunariðgjald sjóðfélaga samkvæmt samkomulagi þessu ákvarðast af samanlögðu viðmiðunariðgjaldi hans hjá einstökum lífeyrissjóðum. Fallist lífeyrissjóður ekki á ákvörðun um viðmiðunarár samkvæmt gr. 3.3. þar sem hann telji hana ekki samræmast reglu gr. 3.3. getur hann innan 6 mánaða frá því ákvörðunin var tekin skotið henni til Úrskurðar og umsagnarnefndar samkv. 5. gr.
- 3.5. Viðmiðunariðgjald tekur árlegum breytingum í hlutfalli við breytingar á meðaltali vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til iðgjaldagreiðsluárs.
- 3.6. Viðmiðunariðgjald sjóðfélaga skal endurákvæða þegar nýjar upplýsingar liggja fyrir um iðgjaldsgreiðslur til samkomulagssjóðanna, sem áhrif hafa á rétt til jafnrar ávinnslu og gildir endurákvörðunin þá frá þeim degi, sem aldurstengd ávinnsla var tekin upp hjá viðkomandi sjóði. Gerist lífeyrissjóður aðili að samkomulaginu eftir 31. desember 2006, sbr. gr. 6.1., skulu áhrif þess á réttindaávinnslu þó fyrst koma til framkvæmda frá næstu mánaðamótum eftir að sjóðurinn gerðist aðili.

### 4. gr.

#### **Skipting jafnrar ávinnslu milli sjóða**

- 4.1. Ef iðgjöld eru greidd til fleiri en eins sjóðs á almanaksári og samanlagðar iðgjaldagreiðslur vegna sjóðfélaga eru hærri en sem nemur viðmiðunariðgjaldinu, skiptist rétturinn til jafnrar ávinnslu milli sjóðanna í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur til hvers sjóðs um sig.
- 4.2. Við nýtingu árlegs viðmiðunariðgjalds skal miðað við samtölu iðgjaldsgreiðslumánaða innan ársins.

### 5. gr.

#### **Framkvæmd**

- 5.1. Úrskurðar- og umsagnarnefnd, sem skipuð er af Landssamtökum lífeyrissjóða

## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

samkvæmt 10. gr. samskiptasamkomulags lífeyrissjóða frá 1999, annast framkvæmd samkomulags þessa. Um hlutverk nefndarinnar gilda ákvæði gr. 10.2. í fyrrnefndu samkomulagi.

- 5.2. Ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða frá árinu 1999 um réttindi vegna iðgjaldagreiðslna til fleiri en eins lífeyrissjóðs gilda ekki um rétt til jafnrar ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðum sem aðild eiga að þessu samkomulagi.
- 5.3. Lífeyrissjóðir sem aðild eiga að samkomulaginu skuldbinda sig til þess að láta öðrum samkomulagssjóðum í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að framfylgja samkomulagi þessu.

### 6. gr.

#### Gildisákvæði

- 6.1. Þeir lífeyrissjóðir sem gerast aðilar að samkomulagi þessu fyrir árslok 2006 skulu skuldbundnir til að veita þau réttindi til jafnrar ávinnslu sem fyrir er mælt í samkomulagi þessu og skv. samþykktum hlutaðeigandi sjóðs, frá þeim tíma sem aldurstengd ávinnsla er tekin upp hjá viðkomandi sjóði sbr. gr. 3.6.
- 6.2. Úrskurðar- og umsagnarnefnd, er starfar skv. gr. 5.1., skal fjalla um óskir lífeyrissjóða um aðild að samkomulagi þessu. Getur nefndin synjað um aðild, ef talið er að sjóðurinn fullnægi ekki skilmálum samkomulags þessa. Úrskurður nefndarinnar skal rökstuddur og skal hann liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því að umsókn barst.
- 6.3. Lífeyrissjóðir skulu leitast við að ráða fram úr málum, sem upp hafa komið, áður en þeir gerðust aðilar að samkomulagi þessu, en hefðu ella fallið undir það.
- 6.4. Lífeyrissjóður getur sagt samkomulagi þessu upp með gildistöku í lok almanaksárs, enda berist Landssamtökum lífeyrissjóða uppsagnarbréf fyrir 1. júlí sama ár.

---

Dags. undirskriftar

---

f.h. lífeyrissjóðs